

REGLUR

um kosningu í Æskulýðsráð ríkisins.

1. gr.

Æskulýðsráð ríkisins skal skipað fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er tvö ár.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hvaða æskulýðssambönd skuli teljast hliðstæð aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands, skv. 1. gr. Ráðuneytið boðar til fundar, þar sem kosnir skulu framangreindir þrír menn og þrír til vara í Æskulýðsráð. Skulu á fundinn boðaðir fulltrúar frá aðildarsamtökum Æskulýðssambandsins og framangreindum hliðstæðum æskulýðssamböndum. Skal einn fulltrúi boðaður frá hverjum þessara aðila, og hefur hver fulltrúi eitt atkvæði.

Fulltrúi frá ráðuneytinu stjórnar fundinum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál, og öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi reglur nr. 135/1970.

Menntamálaráðuneytið, 16. nóvember 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 300.

16. nóvember 1972.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Fáskrúðsfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Mjóeyrarodda, norðan megin Fáskrúðsfjarðar, yfir fjórðinn í svo nefnda „Melrakkaeyri“ (Merki), sunnan megin fjarðarins, og skulu öll skip, sem leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, með þeim undantekningum, sem síðar verður getið, greiða hafnargjald til Fáskrúðsfjarðarhafnar.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 3 manna hafnarstjórn og jafn marga til vara. Þá skipar breppsnefnd og formann hennar og varaformann.